## Ö - Afskrift eigna

| Línúmerki            | 2012 R         | 2013 EÁ        | 2014 SU        | SU14-EÁ13      | SU14/EÁ13  |
|----------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|------------|
| O-31-Eignasjóður     | 92.582         | 86.970         | 86.617         | (352)          | 100%       |
| P-33-Þjónustumiðstöð | 3.681          | 3.141          | 3.681          | 540            | 117%       |
| Q-41-Ísafjarðarhöfn  | 15.533         | 15.372         | 14.893         | (479)          | 97%        |
| R-43-Vatnsveita      | 10.921         | 10.921         | 10.275         | (647)          | 94%        |
| S-53-Þjónustuíbúðir  | 9.994          | 9.994          | 9.939          | (55)           | 99%        |
| U-57-Fastís          | 26.227         | 21.622         | 21.690         | 68             | 100%       |
| V-61-Fráveita        | 4.784          | 4.784          | 1.267          | (3.518)        | 26%        |
| Þ-63-Funi            | 1.875          | 1.787          | 1.875          | 88             | 105%       |
| <b>Grand Total</b>   | <b>165.598</b> | <b>154.592</b> | <b>150.237</b> | <b>(4.355)</b> | <b>97%</b> |

## ÖÖ - Millifærð gjöld

### ÖÖÖ - Millifærðar tekjur

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir millifærðar tekjur og gjöld á milli deilda hjá Ísafjarðarbæ. Mikið eru um millifærslur en eðli þeirra er að færa kostnað yfir á þá deild þar sem að hann fellur til.

| Línúmerki                         | 2012 R         | 2013 EÁ        | 2014 SU        | SU14-EÁ13     | SU14/EÁ13   |
|-----------------------------------|----------------|----------------|----------------|---------------|-------------|
| <b>B-2-Félagsmál</b>              | <b>21.815</b>  | <b>18.976</b>  | <b>18.425</b>  | <b>(552)</b>  | <b>97%</b>  |
| ÖÖ - Millifærð gjöld              | 24.160         | 19.276         | 18.725         | (552)         | 97%         |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur          | (2.345)        | (300)          | (300)          | 0             | 100%        |
| <b>C-4-Fræðslumál</b>             | <b>129.864</b> | <b>149.648</b> | <b>182.510</b> | <b>32.863</b> | <b>122%</b> |
| ÖÖ - Millifærð gjöld              | 130.828        | 150.574        | 183.436        | 32.863        | 122%        |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur          | (964)          | (926)          | (926)          | 0             | 100%        |
| <b>D-5-Menningarmál</b>           | <b>15.529</b>  | <b>20.408</b>  | <b>26.313</b>  | <b>5.905</b>  | <b>129%</b> |
| ÖÖ - Millifærð gjöld              | 18.352         | 23.132         | 28.891         | 5.758         | 125%        |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur          | (2.822)        | (2.725)        | (2.578)        | 147           | 95%         |
| <b>E-6-Íþrótt- og Æskulýðsmál</b> | <b>68.380</b>  | <b>62.409</b>  | <b>77.243</b>  | <b>14.834</b> | <b>124%</b> |
| ÖÖ - Millifærð gjöld              | 152.072        | 158.604        | 173.438        | 14.834        | 109%        |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur          | (83.692)       | (96.195)       | (96.195)       | 0             | 100%        |
| <b>F-7-Brunamál</b>               | <b>3.217</b>   | <b>2.356</b>   | <b>3.692</b>   | <b>1.336</b>  | <b>157%</b> |
| ÖÖ - Millifærð gjöld              | 8.985          | 9.143          | 10.478         | 1.336         | 115%        |

|                                       |                  |                  |                  |                 |              |
|---------------------------------------|------------------|------------------|------------------|-----------------|--------------|
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur              | (5.768)          | (6.787)          | (6.787)          | 0               | 100%         |
| <b>G-8-Hreinlætismál</b>              | <b>9.721</b>     | <b>7.114</b>     | <b>7.114</b>     | <b>0</b>        | <b>100%</b>  |
| ÖÖ - Millifærð gjöld                  | 10.416           | 11.195           | 11.195           | 0               | 100%         |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur              | (695)            | (4.081)          | (4.081)          | 0               | 100%         |
| <b>H-9-Skipulags- og byggingarmál</b> | <b>(6.525)</b>   | <b>(6.190)</b>   | <b>(6.190)</b>   | <b>0</b>        | <b>100%</b>  |
| ÖÖ - Millifærð gjöld                  | 3.430            | 4.263            | 4.263            | 0               | 100%         |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur              | (9.955)          | (10.453)         | (10.453)         | 0               | 100%         |
| <b>I-10-Umferðar og öryggismál</b>    | <b>42.645</b>    | <b>43.388</b>    | <b>46.121</b>    | <b>2.733</b>    | <b>106%</b>  |
| ÖÖ - Millifærð gjöld                  | 42.645           | 43.388           | 46.121           | 2.733           | 106%         |
| <b>J-11-Umhverfismál</b>              | <b>17.548</b>    | <b>15.848</b>    | <b>15.851</b>    | <b>2</b>        | <b>100%</b>  |
| ÖÖ - Millifærð gjöld                  | 25.213           | 23.897           | 23.899           | 2               | 100%         |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur              | (7.665)          | (8.048)          | (8.048)          | 0               | 100%         |
| <b>K-13-Atvinnumál</b>                | <b>(53)</b>      | <b>6.548</b>     | <b>7.510</b>     | <b>962</b>      | <b>115%</b>  |
| ÖÖ - Millifærð gjöld                  | 3.807            | 6.548            | 7.510            | 962             | 115%         |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur              | (3.860)          | 0                | 0                | 0               | ...          |
| <b>L-20-Framlög</b>                   | <b>55.139</b>    | <b>0</b>         | <b>0</b>         | <b>0</b>        | <b>...</b>   |
| ÖÖ - Millifærð gjöld                  | 55.139           | 0                | 0                | 0               | ...          |
| <b>M-21-Sameiginlegur kostnaður</b>   | <b>(15.716)</b>  | <b>9.181</b>     | <b>(21.416)</b>  | <b>(30.597)</b> | <b>-233%</b> |
| ÖÖ - Millifærð gjöld                  | 14.918           | 40.233           | 33.446           | (6.787)         | 83%          |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur              | (30.634)         | (31.051)         | (54.862)         | (23.810)        | 177%         |
| <b>O-31-Eignasjóður</b>               | <b>(239.211)</b> | <b>(297.688)</b> | <b>(323.788)</b> | <b>(26.100)</b> | <b>109%</b>  |
| ÖÖ - Millifærð gjöld                  | 3.084            | 2.343            | 2.343            | 0               | 100%         |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur              | (242.295)        | (300.031)        | (326.130)        | (26.100)        | 109%         |
| <b>P-33-Þjónustumiðstöð</b>           | <b>(73.937)</b>  | <b>(80.992)</b>  | <b>(80.784)</b>  | <b>208</b>      | <b>100%</b>  |
| ÖÖ - Millifærð gjöld                  | 12.694           | 10.052           | 10.260           | 208             | 102%         |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur              | (86.631)         | (91.044)         | (91.044)         | 0               | 100%         |
| <b>Q-41-Ísafjarðarhöfn</b>            | <b>10.742</b>    | <b>11.472</b>    | <b>12.201</b>    | <b>729</b>      | <b>106%</b>  |
| ÖÖ - Millifærð gjöld                  | 10.742           | 11.472           | 12.201           | 729             | 106%         |
| <b>R-43-Vatnsveita</b>                | <b>21.682</b>    | <b>28.117</b>    | <b>28.117</b>    | <b>0</b>        | <b>100%</b>  |
| ÖÖ - Millifærð gjöld                  | 24.307           | 30.873           | 30.873           | 0               | 100%         |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur              | (2.625)          | (2.756)          | (2.756)          | 0               | 100%         |
| <b>S-53-Þjónustuíbúðir</b>            | <b>(33.682)</b>  | <b>(6.286)</b>   | <b>(5.369)</b>   | <b>917</b>      | <b>85%</b>   |
| ÖÖ - Millifærð gjöld                  | 16.322           | 17.159           | 19.569           | 2.410           | 114%         |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur              | (50.005)         | (23.445)         | (24.938)         | (1.493)         | 106%         |
| <b>U-57-Fastís</b>                    | <b>(27.463)</b>  | <b>0</b>         | <b>0</b>         | <b>0</b>        | <b>...</b>   |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur              | (27.463)         | 0                | 0                | 0               | ...          |
| <b>V-61-Fráveita</b>                  | <b>20.431</b>    | <b>24.406</b>    | <b>24.406</b>    | <b>0</b>        | <b>100%</b>  |
| ÖÖ - Millifærð gjöld                  | 20.431           | 24.406           | 24.406           | 0               | 100%         |
| <b>Þ-63-Funi</b>                      | <b>(9.807)</b>   | <b>(9.665)</b>   | <b>(9.665)</b>   | <b>0</b>        | <b>100%</b>  |
| ÖÖ - Millifærð gjöld                  | 0                | 0                | 0                | 0               | ...          |
| ÖÖÖ - Millifærðar tekjur              | (9.807)          | (9.665)          | (9.665)          | 0               | 100%         |
| <b>Grand Total</b>                    | <b>10.319</b>    | <b>(950)</b>     | <b>2.290</b>     | <b>3.240</b>    | <b>-241%</b> |

## Upplýsingatæknimál

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á upplýsingartæknimálum bæjarins s.l. ár. Ef þeir liðir sem þetta snertir eru skoðaðir sést að 62 m.kr. eru útgjöld til ritfanga (prentun), tölvubúnaðar (keyptar gjaldfærðar), aðrar ótilgreindar vörur (ekki bara tölvubúnaður en ýmislegt því tengt m.a.), netþjónusta, (línur og sambönd), kerfisfræðiaðstoð, sem er tvískipt annars vegar vinna sérfræðinga sem er með endurkræfum vsk., s.s. Nýherjasamningur þjónustuhluti og hugbúnaðarleyfi sem nú eru gjaldfærð. Það er m.a. Microsoftleyfi, One systems, Navision bókhaldskerfi, símkerfi, Vinnustund, Þjóskrá o.fl. utan samninga. Önnur kerfisfræðiaðstoð er m.a. vistun á léninu isafjordur.is hjá Snerpu og þjónusta því tengd og sá hluti Nýherjasamnings sem ekki er með endurgr. vsk. s.s. akstur.

### „Tölvukostnaður“

| Línúmerki                             | 2012 R        | 9m 2013       | 2013 Á        | 2013 EÁ       | 2014 FU       | FU14-EÁ13         | FU14/EÁ13   |
|---------------------------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|-------------------|-------------|
| 2031 - Ritföng, pappír, bréfabindi    | 3.376         | 3.732         | 3.594         | 3.585         | 7.098         | 3.513.024         | 198%        |
| 2853 - Tölvubúnaður                   | 3.872         | 2.223         | 7.400         | 1.732         | 2.436         | 703.223           | 141%        |
| 2971 - Aðrar ótilgreindar vörur       | 3.777         | 2.454         | 5.393         | 5.012         | 6.965         | 1.952.425         | 139%        |
| 4021 - Netþjónusta                    | 10.457        | 8.458         | 10.128        | 10.331        | 10.231        | (100.524)         | 99%         |
| 4341 - Kerfisfræðiaðstoð m. ekr. vsk. | 12.094        | 13.869        | 16.246        | 21.512        | 27.475        | 5.963.488         | 128%        |
| 4342 - Önnur kerfisfræðiaðstoð        | 2.209         | 5.136         | 1.108         | 5.248         | 3.497         | (1.750.594)       | 67%         |
| 4481 - Leiga tölvubúnaðar             | 0             | 1.999         | 0             | 3.033         | 4.500         | 1.466.518         | 148%        |
| <b>Heildarsumma</b>                   | <b>35.785</b> | <b>37.869</b> | <b>43.869</b> | <b>50.454</b> | <b>62.201</b> | <b>11.747.559</b> | <b>123%</b> |



## 5. Viðauki 1

### 5.1. Yfirlit málaflokka

#### B-2-Félagsmál

##### 2010 - Félagsmálanefnd

##### 2020 – Félagsmálasvið

Hækkun á félagsmálasviði felst að mestu í hækkun á liðnum 4371-sérfræðiþjónustu án vsk. Í honum felast m.a. tvö námskeið vegna jafnréttismála, hækkun á kostnaði vegna komu sálfræðings, þátttaka í kostnaði vegna skýrslu frá Rannsókn og greiningu og fleira. Kostnaður vegna gistingar hefur aukist, í honum felst aðallega gisting sálfræðings á Ísafirði.

##### 2110 – Fjárhagsaðstoð

Liðirnir almennt fjárhagsaðstoð og önnur félagsleg úrræði hækka. Fjárhagsaðstoð (9111) hefur aukist verulega og önnur félagsleg úrræði (9161) byggja að mestu leyti á þjónustu sálfræðings við einstaklinga samkv. tillögu félagsmálanefndar.

##### 2180 – Húsaleigubætur

Húsaleigubætur hækka ekki frá því sem er gert er ráð fyrir því að þær verði svipaðar og á þessu ári eða 18 m.kr.

##### 2300 - Barnaverndarnefnd

##### 2310 - Barnavernd

##### 2400 - Þjónustuhópur aldraðra

##### 2410 - Vinnustofa aldraðra, Ísafirði

##### 2420 - Félagsstarf aldraðra Flateyri

5% hækkun stöðugildis á Flateyri vegna ræstinga. Verður sambærilegt við Þingeyri þar sem forstöðumaður er í 25% stöðugildi. Seldar máltíðir; gert er ráð fyrir kr. 400.000,-. Óskað verður eftir aðkomu skóla- og tólmundastofna þar sem gera þarf ráð fyrir þjónustunni í áætlun skólanna á Flateyri.

##### 2430 - Félagsstarf aldraðra, Þingeyri

##### 2440 - Heimaþjónusta aldraðra

Akstur lækkar á milli ára (4141).

##### 2450 - Endurhæfing aldraðra

##### 2460 - Dagdeild aldraðra, Ísafirði

Stöðugildi sem nemur 50% fer af dagdeild og flyst yfir á 53-180.

##### 2470 - Dagdeild aldraðra, Suðureyri

Verulegur tekjumunur. Dagdeild á Suðureyri illa sótt, það þarf að skoða hvort að hægt sé að auka nýtinguna þarna.

##### 2510 - Mál.fatlaðra, sameiginlegt

##### 2511 – Vesturafl

Vesturafl verður sjálfstætt og Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum styrkir það ásamt Ísafjarðarbæ.

##### 2520 – Liðveisla

Endurskoðuð áætlun fyrir 2013 hefur verið lækkuð og áætlun 2014 tekur mið af því. Framlag um 4,5 m.kr.

##### 2521 - Lengd viðvera fatlaðra

Í stað millifærslna á milli stofnana í fötlunarþjónustu er hér gert ráð fyrir að laun verði eftirleidis bókuð á stofnunina sem á að bera kostnaðinn. Hér er um að ræða þjónustu sem er veitt í Skammtímavistun og í Hvestu en á að bókast á lengda viðveru.

##### 2540 - Ferðaþjónusta fatlaðra

Stefnir í mikla hækkun vegna þjónustu sem veitt er á Þingeyri. Skoðaðar eru aðrar lausnir s.s. samvinna við almenningsakstur.

#### **2550 - Frekari liðveisla**

Lækkun vegna hagræðingar og endurskoðunar.

#### **2560 - Búseta**

##### **2561 - Búseta Fjarðarstræti**

Lækkun miðað við 2013.

##### **2562 - Búseta Sindragötu**

Eðlileg hækkun miðað við að einstaklingur sem flutti inn í Sindragötu þarf mikla þjónustu. Tveir einstaklingar fluttu frá Sindragötu yfir í Pollgötu, þeir þurftu mun minni þjónustu en þessi eini.

##### **2563 - Búseta Pollgötu**

Eðlileg hækkun, miðað við samþykktu áætlun 2013. Hér voru sameinaðar búsetur á Austurvegi, Sindragötu að hluta og búseta 02-565. Við það næst veruleg hagræðing, t.d. lækkun um heilt stöðugildi naturvaktar.

##### **2564 - Búseta 4**

##### **2565 - Búseta 5**

##### **2570 – Skammtíamavistun**

Þjónusta jókst miðað við áætlun. Í áætlun fyrir árið 2013 vantaði sumarþjónustu fyrir mikið fatlaðan einstakling, því er samanburður við árið 2014 óraunhæfur á meðan niðurstöður fyrir 2013 liggja ekki fyrir. Tekjur vegna þjónustu sem ekki var sett inn skekkja því myndina enn frekar. Mikil lækkun frá endurskoðaðri áætlun 2013 enda hefur þjónustan flust meira í búsetu.

##### **2580 – Hvesta**

Eðlileg hækkun vegna aukinnar þjónustu, fleiri einstaklingar við störf í Hvestu á næsta ári.

##### **2590 - Önnur þjón. fatlaðra, Byggðasamlag**

Veruleg hækkun verður á framlögum fyrir árið 2014, 30 m.kr. framlag til BV ætti að færa annarsstaðar enda ekki kostnaður málaflokks 02 og skekkir myndina.

##### **2610 - Áfengis- og vímuefnavarnir**

Hækkar um 800 þ.kr. sem endurspeglar aukna þörf.

##### **2740 - Orlofsþjónur húsmæðra**

##### **2750 - Varasjóður viðbótarlána**

##### **2890 - Ýmsir styrkir**

Gert er ráð fyrir kr. 1.200.000,- í styrk til Vesturafns vegna leigu. Í ljósi þess að ekki eru sérstök fjárframlög til forvarnarfulltrúa hjá Ísafjarðarbæ en Vá-Vest hefur sinnt hlutverki sveitarfélagsins í forvarnarmálum er lagt til að styrkur til samtakanna verði kr. 450.000,-.

Jafnframt gert ráð fyrir styrk til Reykjadal vegna fatlaðra einstaklinga frá Ísafjarðarbæ sem þangað sækja þjónustu. Sólstafir Vestfjarða og Kvennaathvarf eru samtök sem félagsmálanefnd hefur lagt áherslu á að styrkja undanfarin ár og því er gert ráð fyrir framlagi til þeirra.

## **C-4-Fræðslumál**

##### **4010 - Fræðslunefnd**

##### **04-020 Skólaskrifstofa**

Laun hækka hér, talkennari á launum nú heilt ár eftir fæðingarorlof (var 8 mánuði 2013).

## **Leikskólar**

Tekjur einhverra leikskóla lækka vegna fækkunar barna, þó bætast við tekjur af Eyrarsól. Búið er að skera niður stöðuhlutföll eins og hægt er og því ekki gert ráð fyrir breytingum á stöðuhlutföllum þetta árið öðrum en þeim sem tengjast fjölgun og fækkun barna og stuðningi við sérstök börn. Þó bætast við stöðugildi á nýrri deild Eyrarsól. Gert er ráð fyrir átta yfirvinnutímum á hvern starfsmann til að vinna að innleiðingu nýrrar námskrár.

Gert er ráð fyrir að á árinu 2014 verði kannað hvort heppilegt sé að koma upp færanlegri kennslustofu.

## **04110 Eyrarskjól**

Endurnýja þarf bæði húsgögn, tölvu og dýnur barna auk þess sem minniháttar viðhald þarf að gera á ýmsum búnaði. Þá er gert ráð fyrir kaupum og endurnýjun á kennslutækjum fyrir tæplega þrjúhundruð þúsund. Leyfi fékkst á þessu ári fyrir einu stöðugildi stuðningsfulltrúa.

## **04120 Sólborg**

Tekjur lækka aðeins vegna færri barna. Börnin eru færri þar sem meira er af yngri börnum og verið er að reyna að minnka hávaða. Ekki er um neinar breytingar á rekstri að ræða og einungis eðlileg hækkun á rekstrarliðum. Leyfi fékkst fyrir tveimur nýjum stöðum stuðningsfulltrúa, sá stuðningur sem var til staðar á Sólborg fluttist á Eyrarsól svo viðbótin er um það bil eitt stöðugildi.

## **04140 Sólborg/ Eyrarsól**

Hér um að ræða nýja deild 5 ára barna á 2. hæð Sundhallarinnar.

## **04160 Grænigarður**

Ekki um neinar breytingar að ræða, kennari ráðinn í stað leiðbeinanda.

## **04180 Laufás**

Stöðugildum fjölgar vegna breytinga á ræstingu sem nú verður stöðugildi en áður uppmæling, fjölgun barna og aukinni sérkennslu.

## **04190 Tjarnarbær**

Ekki um neinar breytingar að ræða. Örlítill aukning á tekjum.

## **Grunnskólar**

### **04200 Sameiginlegir liðir**

Mismunur á kostnaði vegna nemenda í skólum sveitarfélagsins sem eiga lögheimili annarstaðar og við fáum greitt með og þeirra sem við greiðum með.

Fjárhagslykill 2611 í grunnskólum hefur verið hækkaður um 6 þ.kr. per barn. Sá liður er áætlaður til kaupa á námsgögnum s.s. reiknivélar, blýantar, strokleður og stílabækur.

### **04210 Grunnskólinn á Ísafirði**

Áfram verður haldið að skjávarpavæða skólann. Þá er gert ráð fyrir kaupum á bekkjarsetti af tækni-legói og gardínum í tvær stofur. Gert er ráð fyrir ferð nemenda í 7. bekk í skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði. Í Grunnskólanum á Ísafirði hefur kennurum fækkað vegna fækkunar kennslustunda sem er tengd fækkun barna síðustu ára og heldur hún áfram. Hinsvegar fjölgar stuðningsfulltrúum lítillega auk þess sem ráðinn hefur verið þroskaþjálfari við skólann. Þessi mál eru í athugun hjá skólanum. Mikilvægt er að skoða endurnýjun húsgagna á næstu árum, það tilheyrir þó Eignasjóði.

### **04220 Dægradvöl**

Raunkostnaður eykst vegna minni tekna þar sem færri börn eru og styttri opnunartími vegna breytts skipulags á skóladegi í GÍ. Stöðugildi aukast lítillega eða um 0,4 stöðugildi. Rúmar þrjár milljónir af rekstrarkostnaði er innri leiga af húsnæði.

#### **04230 Mötuneyti Grunnskólans á Ísafirði**

Erfitt hefur verið að finna út nákvæman kostnað við mötuneytið þar sem fram í ágúst 2013 var líka verið að elda fyrir Hlíf. Áætlunin miðar við þá starfsemi sem nú er í mötuneytinu. Tekju eru minni í ár þar sem ekki koma tekjur af seldum mat á Hlíf, hráefniskostnaður mun hinsvegar minnka.

#### **04260 Grunnskóli Öfundarfjarðar**

Launakostnaður minnkar vegna fækkunar nemenda og kennara.

#### **04280 Grunnskólinn á Þingeyri**

Launakostnaður minnkar vegna fækkunar nemenda og þar með kennara. Í GP er töluverður kostnaður við skólaakstur.

#### **04290 Grunnskólinn á Suðureyri**

Ekki um neinar breytingar að ræða.

#### **04510 Tónlistarskóli Ísafjarðar**

Ekki um neinar breytingar að ræða.

#### **04510 Umferðarskólinn**

Hér er lögbundið framlag.

#### **04810 Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar**

Hér hækka útgjöld í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar.

### **D-5-Menningarmál**

#### **5010 - Menningarnefnd**

##### **5210 - Bæjar- og héraðsbókasafnið**

Gert er ráð fyrir sama starfsmannafjölda á bókasafninu og verið hefur. Ljóst er að þjónustugjöld/rekstargjald til Gegnis hækka sem og kostnaður almennt við rekstur tölvukerfa safnsins. Þá er ljóst að nýtt kassakerfi er eitthvað dýrara en eldra kerfið en endanlegar tölur um það liggja ekki fyrir.

Gert er ráð fyrir kaupum á húsgögnum og lagfæringum innanhúss og utan. Kominn er tími á ýmsar smá lagfæringar og málningarvinnu bæði innan húss og utan. Einnig er gert ráð fyrir endurnýjun á einni tölvu og kaupum á hýsli til að létta á sameignar-drifi hússins.

Við stefnum á að fjölga uppákomum í húsinu m.a. með bókarkynningum, gert er ráð fyrir smávægilegum kostnaði vegna þess.

Nýr liður er 4212 – fargjöld erlendis en áætlað er að starfsfólk fari í kynnisferð á árinu.

Ekki er gert ráð fyrir auknum tekjum þar sem gjaldskrá var ekki hækkuð, hækkun hefur þó verið á húsaleigu. Við höldum áfram að reyna fyrir okkur með endursöluvarning en ljóst er að slíkt skilar sér hægt

#### **5280 - Bókasafnið, Þingeyri**

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri. Nýr bókavörður kemur væntanlega til starfa um áramót en starfið er í sjálfböðavinnu.

#### **5290 - Bókasafnið, Suðureyri**

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri.

#### **5310 – Héraðsskjalasafn**

Á skjalasafninu er gert ráð fyrir svipuðum rekstri og síðasta ár nema hvað gert er ráð fyrir aukningu í stöðugildum. Undanfarin ár hafa stöðugildi við safnið verið 1,25 og reiknast 25% starf forstöðumanns þar inn í. Ljóst er að aukin

verkefni sem safninu er falið samkvæmt lögum kalla á fjölgun starfsmanna sem og aukning í skilum til safnsins sem veldur uppsöfnun aðfanga.

Gert er ráð fyrir að verkefni á vegum Þjóðskjalasafns haldi áfram en það framlag er háð fjárlögum ríkisins. Sama á við um árlegt framlag ríkis til héraðsskjalasafna.

Geymslur safnsins eru þegar yfirfullar og því gert ráð fyrir kaupum á hillum til að koma skjölum fyrir í líkhúsinu (170.000) sem og að taka á leigu geymslu hjá Sögufélagi Ísfirðinga í Vestrahúsi (250.000). **Það er orðið mjög brýnt að geymsluvandi safnanna í Safnahúsinu og Byggðasafnsins verði leystur.**

Þá er nýr liður inni sem eru fargjöld erlendis og gisting erlendis en árið 2014 verður Vest-norræn ráðstefna skjalasafna haldin á Grænlandi. Ekki er ljóst á þessu augnabliki hvað fæst í styrki og því gert ráð fyrir kostnaði safnsins.

#### **5320 – Ljósmyndasafn**

Gert er ráð fyrir svipuðum rekstri á Ljósmyndasafninu og verið hefur. Þó er gert ráð fyrir að stöðugildi fari úr 80% í 100%. Stöðug aukning er í þjónustu safnsins en einnig er mjög brýnt að skrá safnið í Sarp og vinna frekar úr safnkostinum.

Gert er ráð fyrir rekstrarstyrk úr Safnasjóði líkt og verið hefur. Beðið er niðurstöðu um viðurkenningu safnsins samkvæmt nýjum safnalögum.

Nýr liður í áætluninni er 2991 – vörukaup til endursölu (50.000) en safnið hefur verið með póstkort til sölu sem unnin eru úr safnkostinum. Hugmyndin er að prenta ný kort annað hvert ár eða annan varning sem við teljum að hæfi húsinu og þeim gestum sem hingað koma.

#### **5340 – Byggðasafn**

Ath. að þessi deild er ekki rekstur Byggðasafnsins heldur bara framlag okkar til Byggðasafns. Rekstur og fjárhagur Byggðasafnsins er eins og sér fyrirtæki, sem ætti í raun að fara inn sem B-hlutafyrirtæki. Framlag okkar til BV er bókað þarna, hækkar úr 13 í 15 m.kr. Jafnframt eru bókað þarna sem framlag, leiga til eignasjóðs af Turnhúsi og Eldsmiðju og mismunur á þeirri leigu sem að gjaldfærist þarna enda framlag til Byggðasafnsins.

#### **5410 - Neðstikaupstaður, sameiginlegt**

##### **5420 - Faktorshús**

##### **5430 - Krambúð**

##### **5440 - Turnhús**

##### **5450 - Tjöruhús**

##### **5460 - Eldsmiðja**

##### **5470 - Geymsluhús í Neðstakaupstað, 2005**

##### **5480 - Dráttarbraut í Neðstakaupstað**

##### **5510 - Listasafn Ísafjarðar**

Safnið er séreignarstofnun og rekið fyrir eigin reikning. Hér er því um að ræða framlag bæjarins sem varðar húsnæði og rekstur þess. Legg til að safninu verði tryggðar 100.000 kr á ári frá Ísafjarðarbæ til sýningarhalds.

##### **5520 - Útilistaverk**

##### **5540 - Bæjarlistamaður**

##### **5550 – Leikhús**

Samningur við Kómedíu 1,5 m.kr.

Gert ráð fyrir framlagi til LL vegna afmælis 0,5 m.kr.

##### **5620 - Félagsheimili Hnífsdal**

##### **5660 - Félagsheimili Flateyri**

##### **5680 - Félagsheimili Þingeyri**

##### **5690 - Félagsheimili Suðureyri**

### 5710 - Sautjándi júní

Deild verður lokað og flutt á 05720 Hátíðir

### 5720 - Aðrar hátíðir og verður hátíðir

Á þetta færast 1,5 m.kr. frá 05890 ýmsir styrkir (til hátíða)

Þ.e. Við Djúpið, Act Alone, Sæluhelgi, Dýrafjarðardagar, AFÉS, Fossavatn,

### 5730 - Jól og áramót

verður lokað og flutt á 05720

### 5890 - Ýmsir styrkir

9951 var 24.m.kr. lækkaður í 20 m.kr.

Framlag til Náttúrustofu Vestfjarða fært á 11890-9951 Umhverfismál.,

AS lækkaðir í 1.500 þ.kr. úthlutun bæjarráðs.

Lykillinn er áætlaður svona

Styrkir til hátíða 1,5 m.kr. fer á 05720

Sundurliðun styrkja

| 5890 -9951 | Var    | Verður |
|------------|--------|--------|
| Edinborg   | 12.300 | 12.300 |
| Nave       | 1.600  | 0      |
| MRV        | 5.500  | 5.500  |
| AS         | 2.000  | 1.500  |
| Bíó        | 600    | 600    |
|            | 22.000 | 19.900 |

## E-6-Íþróttá- og Æskulýðsmál

### 6010 - Íþróttá- og æskulýðsnefnd

Gert ráð fyrir átta fundum.

### 6050 - Æskulýðs- og íþróttáfulltrúi

### 6100 - Opnir leikvellir

Allar framkvæmdir færast á eignarsjóð.

### 6270 – Vinnuskóli

Hér lækka laun aðallega vegna fækkunar barna. Fórum fram úr árið 2012 vegna mikillar þátttöku og því var áætlað að nær allir nemendur kæmu í vinnuskólann árið 2013 það varð ekki raunin og nemendum fer fækkandi og því á þetta að vera raunhæf áætlun. Reyna á að ráða flokkstjóra á Suðureyri með svipuðum formerkjum og var á Flateyri í sumar og verið hefur á Þingeyri undanfarin ár.

### 6310 – Félagsmiðstöð

Starfsemi eins og verið hefur.

### 6320 - Frístundamiðstöð, Ísafirði

Starfsemi eins og verið hefur.

### 6360 - Félagsmiðstöð, Flateyri

Í áætluninni er gert ráð fyrir að starfsemin verði eins og verið hefur, hinsvegar hefur gengið illa að ráða manneskju í félagsmiðstöðina á Flateyri

### 6380 - Félagsmiðstöð, Þingeyri

Starfsemi eins og verið hefur.

#### **6390 - Félagsmiðstöð, Suðureyri**

Starfsemi eins og verið hefur.

#### **6510 - Íþróttahúsið Torfnesi**

Launakostnaður eykst lítillega vegna meiri notkunar á húsinu. Gert er ráð fyrir sumarstarfsmanni á íþróttavöllinn. Aukningin er 0,6 stöðugildi. Gert ráð fyrir kaupum á gólfþvottavél, kaupum á nokkrum borðum í anddyri auk þess sem gert er ráð fyrir viðgerð á áhorfendabekkjum.

#### **6520 - Íþróttavallarhús Torfnesi**

##### **6550 - Sundlaug Austurvegi**

Launakostnaður hækkar þar sem aukið var við baðgæslu á skólatíma og eru bæði karla- og kvennaklefar í sundlaug og íþróttahúsi vaktaðir á sama tíma. Aukningin nemur 0,86 stöðugildi en mjög mikilvægt var að auka við gæslu sem minnkuð var fyrir nokkrum árum.

#### **6560 - Íþróttamiðstöð Flateyri**

Starfsemi eins og verið hefur. Endurnýja þarf áhöld í íþróttahúsi og sundlaug.

#### **6580 - Íþróttamiðstöð Þingeyri**

Starfsemi eins og verið hefur. Gert ráð fyrir kaupum á garðhúsgögnum og endurnýjun á einhverjum tækjum í íþróttasal.

#### **6590 - Íþróttamiðstöð Suðureyri**

Ekki er um neinar breytingar að ræða á rekstrarformi. Gert er ráð fyrir endurnýjun áhalds í íþróttasal, garðhúsgögnum og húsgögnum í starfsmannaráymi. Þá er gert ráð fyrir vinnu við að setja upp lýsingu á sundlaugarlóð og uppsetningu öryggismyndavéla og mótör á sundlaugardúk. Taka þarf ákvörðun um viðhald laugar og potta.

#### **6610 - Íþróttasvæði**

Gert ráð fyrir kaupum á gatara, valtara, sláttuvél (notuð) og áburðardreifara. Greiða þarf varamannaskýli sem komu á síðasta ári.

#### **6650 – Skíðasvæði**

Gert er ráð fyrir auknum tekjum og auknum launakostnaði. Sama rekstrarform og var síðasta vetur.

#### **6720 – Íþróttahátíðir**

Kostnaður vegna Skíðavikunnar.

#### **6810 - Almenn félagasamtök**

Leiga vegna félagsstarfs félags eldri borgara á Hlíf.

#### **6820 - Héraðssamband Vestfirðinga**

Engin breyting á samningum við HSV.

#### **6870 - Önnur íþróttafélög**

Laun starfsmanna golfvalla eru færð hér.

#### **6890 - Aðrir styrkir**

Hér er m.a. kostnaður vegna Íþróttamanns Ísafjarðarbæjar færður.

### **F-7-Brunamál**

#### **7210 - Slökkvilið**

## **7210 - Slökkvilið**

Gert er ráð fyrir að stöðugildi sé 3,75 sem er fækkun frá áætlun þessa árs en hefur verið með þessu móti s.l. 6 mánuði.

Gert er ráð fyrir að samningur vegna sjúkraflutninga verði óbreyttur

Gert er ráð fyrir að tekjur, slökkvitækjaþjónusta og öryggisþjónusta verði svipaðar.

Aukning er í menntun og búnaðarkaupum.

Nauðsynlegt er að huga að slöngukaupum þar sem mikið magn skemmdist í bruna í Laugardal

Vantar 500 metra af 3“ 20 metrar kosta kr. 49.107 án vask.

Vantar 200 metra af 2“ 20 metrar kosta kr. 32, 124 án vask

Ath. Læknisskoðun og þrekþjálfun fyrir reykkafara.

## **G-8-Hreinlætismál**

### **8110 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða**

#### **8230 - Eyðing sorps, Funi**

Stefnt verður að því að setja aukailát ofan í endurvinnslutunnuna, í það fer járn og plast og skoða á að fækka ferðum í endurvinnslutunnu í 1 í mánuði. Að öðru leyti er samningurinn með svipuðu sniði og sorpgjöld eru ekki hækkuð. Skoða kosti og galla þess að koma upp jarðgerðarstöð neðan við Funa. Farið verður í viðræður við Bolungarvík og Súðavík um þeirra aðkomu.

#### **8510 - Meindýraeyðing**

#### **8570 – Dýraeftirlit**

## **H-9-Skipulags- og byggingarmál**

### **9010 - Tæknideild**

#### **9220 – Aðalskipulag**

Unnið verður við breytingar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

#### **9230 – Deiliskipulag**

Lokið verður við eftirfarandi deiliskipulög

Deiliskipulag í Reykjanesi,

Deiliskipulag á Þingeyri

Deiliskipulag á Suðurtanga

Deiliskipulag á Dynjanda

Hafin verður vinna við neðangreind skipulög á árinu 2014.

Deiliskipulag í Dagverðardal

Deiliskipulag í Tungudal og Dagverðardal

#### **9290 - Fasteignakaup v. skipulags**

#### **9510 - Byggingarfulltrúi**

#### **9710 - Kirkjubær, aðrar lendum**

## **I-10-Umferðar og öryggismál**

### **10010 - Gatnagerðargjöld**

#### **10310 - Viðhald gatna**

Holuviðgerðir og viðgerð gangstétta hér og þar um bæjarfélagið.

Farið verði í að skipta um hellur á Hafnarstræti á Ísafirði, laga gangstéttar við Hafnarstræti og Aðalstræti

Gangstétt við Sjallann verði lagfærð.



### 10530 – Umferðarmerking

Unnið að lagfæringum í merkingum gatna skv. umferðaröryggisáætlun.  
Lokið verði við úrbætur á "A-þáttum" samkvæmt Umferðaröryggisáætlun

### 10560 - Götunöfn og húsnúmer

### 10590 - Götulýsing

### 10610 - Snjómokstur

### 10620 - Hálkuvarnir

### 10630 - Vetrarsamgöngur

### 10710 – Almenningsamgöngur

## J-11-Umhverfismál

### 11010 - Umhverfisnefnd

### 11020 – Garðyrkjudeild

### 11210 - Skrúður

### 11220 – Almenningsgarðar

#### Jónsgarður

- Taka ónýtt tré
- Bæta við fjöláringum og runnum í blómabeð
- Laga göngustíga milli Jónsgarðs og Hlífar og aðalstíga
- Væri gott að setja hellur meðfram bæjarbrekku, skoðast betur síðar

#### Austurvöllur

- Upplýsingarskilti vegna við 60 ára afmælis garðsins
- Koma fjöláringabeðum í upprunalegt horf
- Ganga frá gosbrunni

### 11410 - Opin svæði

Farið verður í hreinsunaráttak (grænt sumar í Ísafjarðarbæ), áætlun verður kynnt í janúar. Stefnt er að því að vinna þetta í nánú samstarfi við íbúasamtök.

Gert er ráð fyrir að kaupa sláttuorf og fara í eyðingu á lúpínu og kerfli, lögð verður áhersla á Eyrarhlíð ofan Urðarveggar og Hjallavegar á Ísafirði.

#### Ísafjörður og Hnífsdalur

- Laga og snyrta göngustig milli apóteks og Edinborgar
- Gert verði áttak í eyðingu lúpínu og kerfils, sérstök áhersla á Eyrarhlíð ofan Urðarveggar/Hjallavegar
- Lokið verði við gerð göngustígs sjávarmegin við Sundstræti ef skipulag leyfir

#### Holtahverfi

- Laga svæðið milli efra og neðri hverfis þannig að hægt sé að slá grasið

#### Kapellan í Hnífsdal

- Koma beðunum í þannig horf að hægt sé að sinna þeim betur, gera þau einfaldari

#### Suðureyri

- Endurnýja blómápotta eða gera við þá sem eru illa farnir
- Umhverfi í kring um sundlaug samhliða endurbótum á skólalóð, þ.m.t. girðing.
- Skoða stíga.

#### Flateyri

- Endurnýja blómabeð og gróður milli kirkju og pósthúss
- Snyrta svæði í heild (ruslatunnur o.s.frv.)

- Fjarlægja ónýtt blómabeð við hornið á kirkjunni
- Tyrft / sáð verði yfir gamla fótboltavöll við GÖ og svæðið snyrt
- Snyrta svæðið og klippa/endurnýja runna við bílastæði
- Skoða flutning á því en hinsvegar stendur til að laga gróður á tjaldsvæði

#### Pingeyri

- Simbahöll grassvæði, laga grassvæði þannig að hægt sé að slá
- Gramstorg, laga runna- og blómabeð
- Aðalstræti/Fjarðargata, breyta útliti á gamla svæðinu með því að setja blómapotta

#### 11510 - Umhirða gatna

#### 11520 - Lóðahreinsun

#### 11610 - Skreytingar jól, aðrar hátíðir

#### 11710 - Minka- og refaeyðing

#### 11890 - Ýmsir styrkir

Framlag til Náttúrustofu Vestfjarða flutt af 05890-9951 2,5 m.kr. Á betur heima hér en undir menningarmálum.

#### K-13-Atvinnumál

#### 13010 - Atvinnumálanefnd

#### 13030 - Úrræði í atvinnumálum

Hér er ekki gert ráð fyrir kostnaði. Ef við förum í úrræði koma þau frá öðrum deildum og stofnunum. Þessi deild endar þ.a.l. alltaf á núlli.

#### 13090 - Atvinnumál, almenn

#### 13210 – Landbúnaðarnefnd

Gert ráð fyrir að greiða um 750 þ.kr. í nefndarlaun.,

#### 13220 – Fjallskil

Hækka lútillega

#### 13240 – Fjargirðingar

Hækka í 4,6 m.kr. Gert ráð fyrir að bæta þær.

#### 13250 – Fjarréttir

Hækka í 819 þ.kr. mest millifærslur.

#### 13310 - Búfjárefirlit, -nefnd

Erum með verktaka til að sinna lögbundnu búfjárefirliti

#### 13620 - Tjaldsvæði

#### 13630 - Upplýsingamiðstöð Vestfjarða

Gert er ráð fyrir sama starfsmannafjölda og á yfirstandandi ári, þ.e.a.s. einum manni í fullu starfi og einum sumarstarfsmanni yfir sumarmánudina.

#### 13-63-4991

Gert er ráð fyrir þeirri breytingu að framlag til upplýsingamiðstöðvarinnar á Pingeyri, kr. 600.000.- sem hingað til hefur verið greitt af liðnum 13-80-4991, falli nú undir lið 13-63-4991, þ.e.a.s. beint undir Upplýsingamiðstöð Vestfjarða. Liður 13-80-4991 ætti þá að lækka að sama skapi.

#### 13-63-2971

Stefnt er að því að koma upplýsingamiðstöðinni inn í Vakann, gæðaeftirlitskerfi ferðaþjónustunnar. Kostnaðurinn við það verður væntanlega kr. 90.000

#### 13-63-4414

Húsaleiga upplýsingamiðstöðvarinnar, þ.e.a.s. þátttaka í sameign, er hærri er raunhæft getur talist enda hefur komið fram að á sínum tíma var í aðra röndina litið á leigusamninginn sem stuðning við uppbyggingu Edinborgarhússins. Réttast væri að sú upphæð sem telst vera umfram eðlilega leigu yrði færð á einhvern annan lið en upplýsingamiðstöðina, t.d. sem styrkur við menningarstarfsemi. Þetta á líka við um kostnað sem af þessu hlýst, svo sem þrif, rafmagn o.þ.h.

### 13-63-4981

Varðandi lið 13-63-4981: Undanfarin ár hefur verið færður á þennan lið sá kostnaður sem hlýst af því þegar aðrar deildir lána upplýsingamiðstöðinni starfsmenn, bæði til afleysinga og til að mæta miklum önnum sem hljótast af komum stórra skemmtiferðaskipa. Það getur ekki talist sjálfsagt að upplýsingamiðstöðin beri ein allan þann viðbótar kostnað sem á henni lendir í tengslum við aukin umsvif – og tekjuöflun – hafnarinnar við móttöku skemmtiferðaskipa.

Ljóst er að gera þarf ráð fyrir talsvert meiri yfirvinnu sumarstarfsmanns á næsta ári en 2013 vegna þess að skemmtiferðaskip verða fleiri, auk þess sem skipakomur munu oftast hitta á helgar en gerðist í sumar. Bókaðar skipakomur 2014 eru nú 41 talsins og ekki útilokað að eitthvað bætist við. Bætt hefur verið við 40 tímum við yfirvinnu sumarstarfsmanns vegna skipanna. Auk þess 7 viðbótar tímar til að lengja opnun á laugardögum næsta sumar. Alls nemur sú lenging 14 tímum yfir sumarið, en ég reikna með að taka helminginn af því sjálfur.

Einnig þarf að skoða hvort að eðlilegt sé að upplýsingamiðstöðin beri ein allan þennan viðbótar kostnað sem hlýst af vaxandi umsvifum – og tekjum – hafnarinnar í tengslum við móttöku skemmtiferðaskipa.

### 13800 - Styrkir, framlög til ferðamála

#### 13890 - Ýmsir styrkir til ferðamála

8 m.kr. samtals. Annarsvegar 5 m.kr. aukaframlag til Atvest sbr. samning og hinsvegar 3 m.kr. vegna stafrænnar smiðju Fab Lab

### L-20-Framlög

Höfum ekki áætlað fyrir þessu. Framkvæmt í ársreikning.

#### 20300 - Funi, framlag

#### 20500 - Hlíf, framlag

#### 20600 - Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf, framlag

### M-21-Sameiginlegur kostnaður

| Línúmerki                                 | 2012 R         | 9m 2013        | 2013 Á         | 2013 EÁ        | 2014 FU        | FU14-EÁ13        | FU14/EÁ13   |
|---|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|------------------|-------------|
| <b>M-21-Sameiginlegur kostnaður</b>       | <b>236.182</b> | <b>218.214</b> | <b>309.818</b> | <b>296.682</b> | <b>301.387</b> | <b>4.705.535</b> | <b>102%</b> |
| 21010 - Bæjarstjórn                       | 9.633          | 6.657          | 10.948         | 9.255          | 12.256         | 3.000.941        | 132%        |
| 21020 - Bæjarráð                          | 5.052          | 3.548          | 4.937          | 4.712          | 5.235          | 522.901          | 111%        |
| 21030 - Ýmsar nefndir, tímabundnar        | 165            | 88             | 0              | 120            | 125            | 4.800            | 104%        |
| 21070 - Endurskoðun                       | 3.266          | 3.954          | 3.400          | 4.100          | 4.500          | 400.000          | 110%        |
| 21110 - Sveitarstjórnarkosningar          | 0              | 0              | 0              | 0              | 3.500          | 3.500.000        | ...         |
| 21150 - Alþingiskosningar, aðrar kosninga | 39             | 410            | 0              | 2.884          | 0              | (2.883.874)      | 0%          |
| 21310 - Ónotað húsnæði Eignasjóðs         | 0              | 4.859          | 6.479          | 6.479          | 7.394          | 914.922          | 114%        |
| 21400 - Bæjarskrifstofur                  | 134.807        | 108.159        | 152.275        | 158.119        | 167.330        | 9.211.266        | 106%        |
| 21420 - Upplýsingakerfi                   | 0              | 16.434         | 7.400          | 18.533         | 2.760          | (15.773.081)     | 15%         |
| 21510 - Risna og gjafir                   | 419            | 549            | 970            | 970            | 850            | (120.000)        | 88%         |
| 21600 - Starfsmannakostnaður              | 3.220          | 5.956          | 21.970         | 4.534          | 6.228          | 1.694.200        | 137%        |
| 21640 - Lífeyrisskuldbindingar            | 63.651         | 55.619         | 85.000         | 70.007         | 75.500         | 5.493.382        | 108%        |
| 21650 - Kjarasamningar                    | 782            | 546            | 100            | 100            | 284            | 183.821          | 284%        |
| 21710 - Fjórðungssamband Vestfirðinga     | 6.818          | 5.597          | 7.559          | 7.559          | 9.062          | 1.503.562        | 120%        |
| 21750 - Vinabæjarsamskipti                | 172            | 790            | 1.230          | 1.760          | 1.730          | (30.000)         | 98%         |
| 21790 - Annað samstarf sveitarfélaga      | 0              | 0              | 0              | 0              | 0              | 0                | ...         |
| 21810 - Ýmsir styrkir og framlög          | 12.977         | 5.048          | 12.550         | 12.550         | 12.133         | (417.304)        | 97%         |
| 21820 - Ýmsar tekjur                      | (4.820)        | 0              | (5.000)        | (5.000)        | (7.500)        | (2.500.000)      | 150%        |
| <b>Heildarsumma</b>                       | <b>236.182</b> | <b>218.214</b> | <b>309.818</b> | <b>296.682</b> | <b>301.387</b> | <b>4.705.535</b> | <b>102%</b> |

Málaflokkurinn hækkar um 5 m.kr. á milli áætlana.

## 21010 – Bæjarstjórn

Framlög til bæjarstjórnar hækka um 3 m.kr. á milli áætlana. Er það fyrst og fremst vegna aukins launakostnaðar en gert er ráð fyrr svipuðum fjölda funda. M.v. rauntölur þessa árs mætti þó ætla að vel sé í lagt. Einnig er nú gert ráð fyrir að bæjarstjórn taki þátt í sameiginlegum kostnaði að upphæð 521 þ.kr.

## 21020 – Bæjarráð

Gert er ráð fyrir að kostnaður við bæjaráð hækki um 520 þ.kr. eða 11%. Stafar það að hækkun launa.

## 21030 - Ýmsar nefndir, tímabundnar

Gert er ráð fyrir 125 þ.kr. í tímabundnar nefndir s.s. Poll nefnd og skipulagshópa.

## 21070 – Endurskoðun

Gert er ráð fyrir að kostnaður við endurskoðun aukist um 10% og verði 4,5 m.kr.

## 21110 – Sveitarstjórnarkosningar.

Hér er gert ráð fyrir kosningum næsta vor. Sveitarfélagið greiðir kostnað við kosningar en á þessu ári kostuðu Alþingiskosningar um 3,5 m.kr. Það er sú upphæð sem sett er inn vegna sveitarstjórnarkosninga en nú koma engar tekjur á móti eins og í fyrra.

## 21150 - Alþingiskosningar, aðrar kosningar

Ekki gert ráð fyrir kosningum. Árið 2013 var kostnaður um 3,5 m.kr en tekjur 3,1 m.kr. Nettókostnaður okkar var þ.a.l. 400 þ.kr.

## 21310 - Ónotað húsnæði Eignasjóðs

7,4 m.kr. Helstu liðir. Skólinn í Hnífsdal, Dellusafn, Bæjarskrifstofa á Þingeyri o.fl.

## 21400 – Bæjarskrifstofur

| Línúmerki                     | 2012 R         | 9m 2013        | 2013 Á         | 2013 EÁ        | 2014 FU        | FU14-EÁ13    | FU14/EÁ13   |
|-------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|--------------|-------------|
| ☐M-21-Sameiginlegur kostnaður | 134.807        | 108.159        | 152.275        | 158.119        | 167.330        | 9.211        | 106%        |
| ☐21400 - Bæjarskrifstofur     | 134.807        | 108.159        | 152.275        | 158.119        | 167.330        | 9.211        | 106%        |
| E - Seldar vörur              | (37)           | 0              | 0              | 0              | 0              | 0            | ...         |
| F - Þjónustutekjur aðrir      | (6.851)        | (2.733)        | (5.640)        | (5.640)        | (3.950)        | 1.690        | 70%         |
| J - Laun                      | 71.619         | 51.724         | 72.077         | 74.758         | 83.360         | 8.601        | 112%        |
| K - Yfirvinna                 | 13.808         | 8.479          | 12.075         | 11.352         | 10.892         | (461)        | 96%         |
| L - Launatengd gjöld          | 9.377          | 6.693          | 8.311          | 9.533          | 9.549          | 17           | 100%        |
| N - Starfsmannakostnaður      | 13.749         | 10.729         | 13.440         | 16.063         | 14.357         | (1.706)      | 89%         |
| O - Keypt þjónusta            | 35.586         | 21.588         | 36.424         | 36.016         | 38.688         | 2.672        | 107%        |
| Q - Vörukaup                  | 4.574          | 2.307          | 2.800          | 3.234          | 2.500          | (734)        | 77%         |
| R - Framlög og styrkir        | 0              | 0              | 0              | 0              | 10.000         | 10.000       | ...         |
